

Miðvikudaginn 12. janúar 1983.

Nr. 6/1983. Ákærvaldið

gegn

Jóni Hauki Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ. m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. janúar 1983.

Ár 1983, laugardaginn 8. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Í gærðag fannst í tollbúðinni í Reykjavík ferðataska merkt Jóni Hauki Ólafssyni, Vesturbergi 78, Reykjavík. Innan í töskunni var önnur taska merkt Sigurði Guðjónssyni, Mosgerði 17, Reykjavík, og var pakki í þeirri tösku, sem innihélt 1465.2 grömm af hassi. Þessar töskur voru sendar hingað til lands frá Hollandi með m/s Arnarfelli.

Jón Haukur var handtekinn á heimili sínu nú í morgunn og færður til yfirheyrslu hjá lögreglu. Nefndur Sigurður hefur hins vegar ekki fundist enn, en hans er nú leitað af lögreglu.

Jón Haukur hefur skýrt svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi, að hann og ofangreindur Sigurður hafi þann 17. desember sl. farið

til Kaupmannahafnar og verið þar í 2 til 3 daga og haldið svo þaðan til Rotterdam. Þar hafi þeir dvalið í nokkra daga, en haldið svo að nýju til Kaupmannahafnar. Jón Haukur kveður þá hafa orðið viðskila einhvern tíma og þá ekki vitað, hvað Sigurður gerði þann tíma. Þegar þeir voru í Kaupmannahöfn, kveður Jón Haukur þá hafa farið í Kristjáníu. Á leið þaðan út voru þeir handteknir af dönsku lögreglunni og leitað á þeim, og fannst á Sigurði 60 til 70 grömm af hassi.

Þetta síðastnefnda hefur lögreglan í Reykjavík að nokkru fengið staðfest í símavíðtölum við dönsku lögregluna, en eftir er að afla staðfesta skýrslna um þennan atburð.

Aðspurður um tösku þá, sem fannst í tollbúðinni, kvaðst Jón Haukur ekki kannast við hana og engrar tösku sakna, en kveður Sigurð hafa tapað tösku í Rotterdam og því ekki ólíklegt, að um sé að ræða sömu tösku.

Ferðataska sú, sem fannst í tollbúðinni í Reykjavík og merkt er Jóni Hauki, er merkt með handskrift, sem líkist skrift Jóns Hauks skv. rithandarsýnishorni, og mun það verða rannsakað frekar.

NIDURSTÖÐUR.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er verið að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974.

Margnefndur Jón Haukur er grunaður um umtalsvert fíkniefnamisferli, sem varðað gæti hann fangelsisrefsingu, og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 ekki því til fyrirstöðu að beita gæsluvarðhaldi í þessu sambandi.

Með vísan til ofanritaðs og 1. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir í þágu rannsóknar, sem er á frumstigi, rétt að verða við kröfu lögreglu og ákvarða, að Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, skuli sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum frá kl. 2200 þann 8. janúar 1983 að telja.

Úrskurðarorð:

Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum frá 8. janúar 1983, kl. 2200 að telja.